

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

27. fundur.

að Hlíðavegi 6, 1. nóvember 2007, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Stofnsamningur v/lóð Múlavegi 9.
3. Erindi frá Dúu Stefánsdóttur f.h. Svd. Hring dags. 18. okt.
4. Erindi frá Landgræðslunni þar sem óskað er eftir samþykki fyrir girðingu á Miðfjöllum.
5. Samstarfssamningur um brunavarnir.
6. Aðalskipulagsbreyting v/ Dimmuborga, staðfest af ráðherra.
7. Fundargerð Byggingarnefndar frá 26. okt.
8. Framlagning kjörskrár v/sameiningakosninga 17. nóv.

Til kynningar:

Fundargerðir stjórnar Eypings 186 og 187 fundur.

Mættir: Böðvar Pétursson, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Steinunn Ósk Stefánsdóttir, Dagbjört Bjarnadóttir.

1. Fundarsetning.

Varaoddviti setti fund og óskaði eftir að máli 8 yrði bætt á dagskránnu. Samþykkt samhljóða.

2. Stofnsamningur v/lóð Múlavegi 9.

Borist hefur uppdráttur unnin af Tækniþingi f.h. Steingríms Jóhannessonar, þar sem óskað er eftir staðfestingu skipulagsyfirvalda á lóð undir og umhverfis íbúðarhús að Múlavegi 9.

Sveitarstjórn samþykkir uppdráttinn með fyrirvara um að landnúmer þess lands sem lóðin er tekin úr verði leiðrétt.

3. Erindi frá Dúu Stefánsdóttur f.h. Svd. Hring dags. 18. okt.

Borist hefur bréf frá formanni Svd. Hrings. Í bréfinu kemur fram að fyrir dyrum standi að ráðast í endurbætur á húsnæði Björgunarsveitarinnar Stefáns og Svd. Hrings að Múlavegi 2. Þetta eru bæði miklar og kostnaðarsamar framkvæmdir og útséð með að félagsmenn geti unnið þær í sjálfböðavinnu. Því sé búið að ráða smið til verksins. Óskað er eftir stuðningi sveitarfélagsins við verkefnið með þeim hætti að fyrrnefndur smiður fái að nýta sér mötuneyti Reykjahlíðarskóla meðan á endurbótum á húsnæðinu stendur. Sveitarstjórn samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki skólastjóra.

4. Erindi frá Landgræðslunni þar sem óskað er eftir samþykki fyrir girðingu á Miðfjöllum.

Með bréfi óskar Landgræðsla ríkisins eftir samþykki sveitarstjórnar fyrir nýrri girðingu á Miðfjöllum. Girðingin er um 6 km. að lengd og innfærð á m.f. loftmynd. Áætlað er að setja girðinguna upp næsta vor og í framhaldinu takast á við þann gífurlega uppblástur sem á svæðinu er. Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemd við að girðingin verði girt.

5. Samstarfssamningur um brunavarnir.

Með tölvupósti 29. október samþykkti sveitarstjórn Samstarfssamning um brunavarnir í Þingeyjarsýslum, á milli Aðaldælahrepps, Langanesbyggðar, Norðurþings, Skútustaðahrepps, Svalbarðshrepps, Tjörneshrepps og Þingeyjarsveitar.

Sveitarstjóra var falið að undirrita samninginn á fundi Héraðsnefndar sama dag.

6. Aðalskipulagsbreyting v/ Dimmuborga, staðfest af ráðherra.

Borist hefur uppdráttur undirritaður af Umhverfisráðherra vegna breytinga á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015, við Dimmuborgir.

7. Fundargerð Byggingarnefndar frá 26. okt.

Liður 1, þar sem óskað er eftir leyfi til að setja risþak á gistiskála við íbúðarhús Björns Yngvasonar á Skútustöðum, liður 2, þar sem óskað er eftir stækkun á veitingasal Sel-Hótelis Mývatns, liður 3, þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við móttökuhús, salernishús og útiaðstöðu Baðfélags Mývatnssveitar, liður 4, þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir

frístundahús á lóð úr landi Stangar, og liður 5, þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við bílskúr og byggingu gróðurhúss ásamt því að breyta þaki á bílskúr að Skútahrauni 15, eiga við um Skútustaðahrepp. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemir við afgreiðslu Byggingarnefndar.

8. Framlagning kjörskrár v/sameiningakosninga 17. nóv.

Kjörskrá vegna sameiningakosninga Skútustaðahrepps, Aðaldælahrepps og Þingeyjarsveitar, mun liggja frammi almenningi til sýnis frá og með miðvikudeginum 7. nóvember. Á kjörskrá eru 302, 145 konur og 157 karlar. Berist ekki athugasemdir við kjörskrána eins og hún liggur fyrir felur sveitarstjórn sveitarstjóra að undirrita hana og afhenda kjörnefnd.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Böðvar Pétursson,

Ingunn Guðbjörnsdóttir,

Kristján Stefánsson,

Steinunn Ósk Stefánsdóttir,

Dagbjört Bjarnadóttir.